



Skaftárhreppur

Erindisbréf skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps

1. gr.

Markmið

Stjórnskipulag Skaftárhrepps byggir á einfaldri og skilvirkri stjórnsýslu í samræmi við samþykkt um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins.

2. gr.

Um hlutverk ráðsins

Skipulags- og umhverfisráðs, er annað fagráða Skaftárhrepps og annast þau störf sem sveitarstjórn felur ráðinu á sviði skipulags- umhverfis-, og atvinnumála.

Ráðið fer með skipulagsmál samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og lögum nr. 160/2010, um mannvirki. Ráðið hefur eftirlit með stefnumörkun og samþykktum í málaflokkum sem undir hana heyra, hefur frumkvæði að gerð skipulagstillagna, og gerir tillögur að úthlutun lóða og efni gjaldskráa gatnagerðar- og þjónustugjalda. Ráðið fer með landbúnaðar- og atvinnumál, m.a. gerð tillagna um viðhald og endurbætur á styrkvegum í sveitarfélagini. Ráðið fer með málefni gróðurverndar skv. ákvæðum laga um landgræðslu nr. 155/2018 og hlutverk náttúruverndarnefndar skv. 14. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Ráðið hefur til umfjöllunar málefni tengd meðhöndlun úrgangs, s.s. sorphirðu og sorpförgun, og málefni veitna.

3. gr.

Helstu hlutverk

Helstu hlutverk skipulags- og umhverfisráðs eru:

- að gera tillögur til sveitarstjórmar um stefnu á verkefnasviði sínu skv. 1. gr. ásamt því að hafa eftirlit með að stefnu sveitarstjórnar á hverjum tíma sé fylgt,
- að hafa eftirlit með stofnunum sem vinna á verkefnasviði ráðsins og fylgjast með að þær veiti góða þjónustu og vinni að settum markmiðum í samræmi við lög og ákvarðanir sveitarstjórnar,
- að leggja mat á þá þjónustu sem veitt er á vegum sveitarfélagsins með tölulegum upplýsingum og könnunum á meðal íbúa auk þess að fjalla um ábendingar og athugasemdir sem berast vegna þjónustunnar,

- að hafa frumkvæði að gerð þróunaráætlana og gerir tillögur til sveitarstjórnar um aðalskipulagsáætlanir og breytingar á þeim
- að fara yfir tillögur stjórnenda að fjárhagsáætlun hvers árs sem falla undir verksvið ráðsins og gæta þess í ákvörðunum sínum að halda áætlanir þegar að rekstri og framkvæmdum kemur,
- að gera tillögur til sveitarstjórnar um reglur, gjaldskrár, leigu og afnot af mannvirkjum er heyra undir starfsemi ráðsins,
- að vera sveitarstjórn til ráðuneytis um framkvæmdir og byggingu mannvirkja á verkefnasviði ráðsins,
- að vera sveitarstjórn að öðru leyti til ráðuneytis í skipulags-, umhverfis-, og atvinnumálum.

4. gr. Meðal verkefna

Meðal verkefna ráðsins eru:

- að stuðla að því að umhverfi og ásýnd sveitarfélagsins sé til fyrirmynadar,
- að vinna að endurvinnslu og förgun úrgangs skv. lögum um meðhöndlun úrgangs,
- að bera ábyrgð á að gerð skipulagstillagna í samræmi við skipulagslög,
- að hafa umsjón og eftirlit með framkvæmdum á vegum sveitarfélagsins,
- að gera tillögur um nýframkvæmdir sveitarfélagsins og viðhald fasteigna sveitarfélagsins,
- að fjalla um rekstur og verkefni þjónustumiðstöðvar, svo sem viðhaldsáætlanir, verkáætlanir, snjóhreinsun og hálkuvarnir, viðhaldsverkefni gatna og stíga, hreinsun opinna svæða og gatnalýsingu,
- að veita sveitarstjórn umsögn og gera tillögur á sviði sérmálefna dreifbýlisins,
- að gera tillögur um styrkvegi og öflun fjármagns til uppbyggingar þeirra og viðhalds,
- að vera ráðgefandi vegna óbyggðamála og mála er varða hagsmuni íbúa dreifbýlisins vegna verndarsvæða vestan Vatnajökuls og Vatnajökulspjóðgarðs,
- að fara með verkefni umferðarnefndar samkvæmt umferðarlögum,
- að gera tillögur til sveitarstjórnar um skipulag almenningssamgangna, m.a. akstursleiðir og staðsetningu biðskýla,
- að hafa umsjón með árlegu vali og veitingu viðurkenninga til fyrirtækja og einstaklinga fyrir fallegt umhverfi,
- að hafa umsjón með skipulagi og almennri fegrún opinna svæða í sveitarféluginu,
- að hafa eftirlit með almennri umhirðu og sorphirðu í sveitarféluginu,
- að vinna að öðrum þeim verkefnum sem sveitarstjórn felur ráðinu á hverjum tíma.



5. gr.

Ráðningar stjórnenda

Sveitarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs sveitarfélagsins og ræður stjórnendur í þær stofnanir sem heyra undir skipulags- og umhverfisráðið í samráði við ráðið, sbr. 56. gr. sveitarstjórnarlaga og innan fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.

Sveitarstjóri kynnir fyrir ráðinu að til standi að auglýsa starf stjórnanda og leggur fram drög að auglýsingu þess efnis. Í auglýsingu skal a.m.k. koma fram hvaða starf sé laust til umsóknar, hvers eðlis starfið er, lágmarks hæfis- og hæfniskröfur og hvaða meginþjónarmiðum verði fylgt við valið. Umsóknarfrestur skal að jafnaði vera 2 vikur en sveitarstjóra er heimilt að framlengja umsóknarfrest, áður en honum lýkur, ef sérstakar ástæður mæla með því. Þegar umsóknarfresti lýkur kynnir sveitarstjóri fjölda umsækjenda og hverjir verða boðaðir í viðtöl. Að viðtölum loknum kynnir sveitarstjóri hæfstu umsækjendurna og hver var ráðinn í starfið.

Skipulags- og umhverfisráðið er sveitarstjóra til samráðs í ráðningaráferlinu en ákvörðunarvaldið er í höndum sveitarstjórnar og sveitarstjóra.

Hafi sveitarstjóri í hyggju að segja upp stjórnanda sem heyrir undir skipulags- og umhverfisráð, þá kynnir hann þá ákvörðun fyrir ráðinu, ásamt rökstuðningi, áður en sú ákvörðun er tekin.

Um réttindi, skyldur og starfskjör starfsmanna sveitarfélags fer eftir kjara- og ráðningarsamningum, sbr. 57. gr. sveitarstjórnarlaga og 48. gr. samþykktar um stjórn Skaftárhrepps. Um ráðningar stjórnenda Skaftárhrepps fer að öðru leyti eftir stjórnsýslulögum og meginreglum stjórnsýsluréttar um undirbúning ráðningar og mat á hæfni umsækjenda.

6. gr.

Um skipan ráðsins og málsmeðferð

Skipulags- og umhverfisráð er skipað sjö aðalmönnum og sjö til vara, kosnum af sveitarstjórn. Framboðslisti sem á fulltrúa í sveitarstjórn en ekki í ráðinu má tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu í ráðinu með málfrelsi og tillögurétt.

Auk kjörinna fulltrúa eiga eftirtaldir rétt til setu á fundum ráðsins:

- Skipulagsfulltrúi
- Aðrir starfsmenn sem heyra undir ráðið.

Sveitarstjórn kýs formann ráðsins en það sjálft velur varaformann. Kjörtímabil þess er það sama og sveitarstjórnar. Formaður ákveður dagskrá fundar ráðsins í samstarfi við starfsmann ráðsins sem sér um að boða til fundar með rafrænu fundarboði ásamt dagskrá og fylgigögnum a.m.k. tveimur sólarhring fyrir fund. Geti fulltrúi í ráðinu ekki sótt fund skal hann tilkynna það formanni ráðsins og boða varamann sinn.

7. gr.

Málsmeðferð

Málsmeðferð ráðsins skal vera í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga, stjórnsýslulaga, samþykktar um stjórn Skaftárhrepps, siðareglha fyrir kjörna fulltrúa hjá Skaftárhreppi og góða stjórnsýsluvenju.

Um fundarskóp á fundum ráðsins gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga, samþykktar um stjórn og Skaftárhrepps og auglýsingar um leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórnar nr. 1181/2021.

Fundir ráðsins skulu almennt haldnir fyrir luktum dyrum. Heimilt er að opna fund komi fram ósk um slíkt svo fremi sem lög eða eðli mál hamli því ekki. Fulltrúum í ráðinu er almennt heimilt að nota fjarfundarbúnað í samræmi við 14 gr. samþykktar um stjórn og fundarskóp Skaftárhrepps.

Ráðið skal halda gerðabók og skulu fundargerðir þess sendar sveitarstjórn til staðfestingar. Mál sem þurfa afgreiðslu sveitarstjórnar skuli tekin fyrir sem sérstakur dagskráliður á fundi sveitarstjórnar. Fundir skulu haldnir að jafnaði einu sinni í mánuði, eða eins oft og þurfa þykir innan fjárhæmilda ráðsins. Boða skal til fundar ef meirihlutí ráðsmanna fer fram á slíkt.

8. gr.

Gildistaka

Erindisbréf þetta byggir á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum, stjórnsýslulögum 37/1993 og samþykkt um stjórn og fundarskóp Skaftárhrepps.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Skaftárhrepps, þann 29. ágúst 2024.



The image shows a handwritten signature in blue ink above a circular blue official seal. The seal contains a stylized illustration of a landscape with a mountain, a river, and a bird in flight, surrounded by the text "SVEITARSTJÓRI" at the top and "SKAFTÁRHREPPS" at the bottom.